

# Sagan um Renart

## Le roman de Renart

### 3. hluti

*Seigneur, ce fu en cel termine  
Que li douz temps d'esté decline  
Et yver revient en saison;  
Et Renars fu en sa maison...*

Herrar mínir, þetta var á þeim árstíma  
er góðviðrisdögunum fer fækkandi  
og veturinn heldur innreið sína.  
Renart var heima hjá sér  
en matarforði hans uppurinn.  
Nú var sannarlega illt í efni.  
Hann gat hvorki gefið né keypt  
og honum voru allar bjargir bannaðar.  
Af illri nauðsyn lagði hann land undir fót,  
laumaðist um til að enginn yrði hans var.  
Hann fór yfir sefi þakta mýri  
á milli skógarins og árinnar;  
hann fór langa leið þar til hann kom  
að steinlögðum vegi.  
Þar hnipraði Renart sig saman,  
teygði fram hausinn í allar áttir.  
Hann vissi ekki hvar hann átti að leita matar  
til þess að seðja hungrið sem svarf að.  
Hann vissi ekki hvað hann átti að taka til bragðs.  
Því lagðist hann niður við limgerði  
og þar ætlaði hann að bíða þess sem verða vildi.  
Þá sér hann hvar kaupmenn nálgast

á fullri ferð, á leið frá ströndinni  
 með kerru af fiski.  
 Nóg höfðu þeir af nýrri síld  
 vegna þess að vindurinn hafði blásið  
 alla liðlanga vikuna;  
 þeir voru líka með aðrar tegundir af góðum fiski,  
 smáum og stórum, og svo mikið  
 að körfurnar voru fullar.  
 Það voru steinsugur og álar  
 sem þeir höfðu keypt á sveitabæjunum.  
 Kerran var drekkhlaðin  
 og Renart, svikahrappurinn sá,  
 var ekki ýkja langt undan.  
 Þegar hann sá kerruna sneisafulla  
 af álum og steinsugum,  
 laumaðist hann skemmstu leið  
 til þess að verða á undan kaupmönnum,  
 í von um að blekkja þá  
 án þess að þeir tækju eftir neinu.  
 Hann lagðist niður á miðjan veginn.  
 Hlustið nú á hvernig hann blekkti þá!  
 Hann lagðist endilangur í grasið  
 og þóttist vera dauður.  
 Renart, bragðarefurinn,  
 lokaði augunum, lét skína í tennurnar  
 og hélt niðri í sér andanum.  
 Hafið þið nokkru sinni heyrt um önnur eins svik?  
 Hann lá þarna, hreyfingarlaus.  
 En hér komu kaupmennirnir  
 sem áttu sér einskis ills von.  
 Sá sem frammar fór kom auga á Renart, virti hann fyrir sér,  
 og kallaði svo á félagan sinn:  
 „Sjáðu, þarna er rebbi eða varðhundur!“  
 Þegar hinn sá refinn hrópaði hann:  
 „Þetta er rebbi! Flýttu þér, náðu honum!  
 Djöfullinn sjálfur, láttu hann ekki komast undan!  
 Renart þarf að vera býsna klókur  
 til þess að við náum ekki af honum skinninu!“  
 Kaupmaðurinn greikkaði sporið  
 og félaginn fylgdi fast á eftir

þar til þeir komu að Renart.  
 Hann lá á bakinu  
 og þeir veltu honum fram og aftur  
 án ótta við að vera bitnir.  
 Þeir verðlögðu skinnið á baki hans, svo á bringunni.  
 Annar mat það á þrjá skildinga  
 en hinn svaraði: „Guð hjálpi mér!  
 Það er fjögurra skildinga virði og samt ódýrt!  
 Við höfum enn pláss.  
 Köstum honum upp á kerruna.  
 Sjáðu hvað bringan er skjannahvít!“  
 Að svo mæltu tóku þeir rebba,  
 hentu honum upp á kerruna  
 og héldu leiðar sinnar,  
 báðir hæstánægðir með fenginn:  
 „Við gerum ekki meira í bili  
 en í kvöld, þegar við verðum komnir heim,  
 munum við fletta hann klæðum.“  
 Þeir hlógu að eigin gríni,  
 en Renart tók þá ekki alvarlega  
 vegna þess að eitt er að segja, annað að framkvæma.  
 Hann flatmagaði ofan á körfunum  
 og nagaði gat á eina þeirra  
 og krækti sér í (og það er dagsatt)  
 meira en þrjátíu síldir;  
 hann tæmdi svo að segja körfuna.  
 Hann át af bestu lyst  
 og bað hvorki um salt né salvú.  
 En áður en hann fer  
 mun hann kasta út línunni,  
 það efast ég ekki um.  
 Hann lagði til atlögu við næstu körfu,  
 stakk trýninu ofan í hana  
 og dró þrjár kippur af áli.  
 Renart deyr aldrei ráðalaus,  
 hann stakk hausnum undir bandið  
 og kom fengnum fyrir á bakinu  
 sem varð þakið álum.  
 Nú var komið nóg.  
 Hann þurfti að finna leið

til að komast niður  
 en hann hafði hvorki planku né tröppu.  
 Hann kraup því  
 til að ganga úr skugga um  
 hvernig hann gæti stokkið án áhættu.  
 Síðan færði hann sig örlítið nær brúninni  
 og stökk, með fætuna fyrst,  
 úr kerrunni og niður á veginn,  
 með ránsfenginn um hálsinn.  
 Þegar hann var lentur  
 sagði hann við kaupmennina: „Guð geymi ykkur!  
 Ég á þessi álagrey,  
 þið megið eiga afganginn!“  
 Þegar þeir heyrðu í honum  
 voru þeir furðu lostnir.  
 Þeir æptu: „Refur, refur!“  
 Þeir stukku upp í kerruna  
 og hugðust grípa refinn  
 en hann hafði ekki beðið eftir þeim.  
 Annar kaupmaðurinn hugsaði sig um  
 og sagði við hinn: „Við gættum  
 álanna illa, held ég.“  
 Báðir neru þeir höndunum saman af angist.  
 „Æ,“ sagði annar þeirra, „við töpuðum miklu  
 af gáleysi einu saman.“  
 Við vorum nú meiri heimskingjarnir  
 báðir tveir að treysta Renart!  
 Hann hefur létt körfurnar,  
 næstum því tæmt þær  
 vegna þess að hann er með tvær kippur af áli um hálsinn.  
 Megi hann fá ærlegan niðurgang!“  
 „Æ, Renart,“ héldu kaupmennirnir áfram,  
 „þú ert slóttugur!  
 Megi állinn valda þér vítiskvölum!“  
 „Herrar, ég vil ekki deila við ykkur.  
 Þið getið sagt það sem þið viljið:  
 Ég er Renart og segi ekki orð í viðbót.“  
 Kaupmennirnir eltu hann  
 en þeir náðu honum ekki þennan daginn  
 því hesturinn hans var sprettharður.

Hann hljóp í gegnum dal og lét ekki staðar numið  
 fyrr en hann kom heim til sín.  
 Kaupmennirnir gáfust upp,  
 formæltu sjálfum sér og  
 sneru við, lúpulegir.  
 En rebbi hljóp áfram,  
 vanur að finna leið úr kröggum.  
 Hann tók stefnuna á kastala sinn  
 þar sem fjölskyldan beið hans  
 og var illa á sig komin.  
 Renart fór inn fyrir girðinguna.  
 Konan hans kom hlaupandi á móti honum;  
 hún hét Hermelína, ung og falleg,  
 einkar hæversk og göfug.  
 Runnabryótur og Illkvistur,  
 sem voru bræður,  
 hlupu til þabba síns  
 sem skokkaði til þeirra,  
 pakksaddur og lukkulegur,  
 með álana um hálsinn.  
 Og án þess að skeyta um álit annarra  
 lokaði hann dyrunum á eftir sér  
 vegna álanna sem hann kom með.  
 Hér var Renart í turni sínum.  
 Synir hans tóku honum fagnandi  
 og þurrkuðu honum vel um fæturna.  
 Þeir losuðu álana af bandinu  
 og skáru þá í bita.  
 Síðan bjuggu þeir til teina  
 úr hesli og þræddu bitana upp á þá.  
 Það var létt verk að kveikja eldinn,  
 því nóg var af eldivið.  
 Þeir blésu úr öllum áttum  
 og komu teinunum fyrir  
 þegar viðurinn var orðinn að glóðum.  
 Meðan þeir létu álinn  
 soðna og steikjast  
 kom herra Ísengrín  
 sem hafði verið á ferðinni  
 frá því um morguninn

án þess að bera nokkuð úr bítum.  
 Hann var aðframkominn af hungri  
 því það hafði verið hart í ári.  
 Í rjóðri þar sem verið var að búa land til ræktunar  
 tók hann stefnu beint á kastala Renarts  
 og sá reyk stíga upp frá eldhúsinu  
 þar sem eldur logaði  
 og verið var að steikja álana  
 sem synir Renarts sneru á teinunum.  
 Þegar Ísengrín fann þessa  
 óvenjulegu reykjarlykt  
 byrjaði hann að þefa  
 og sleikja út um.  
 Hann hefði glaður gengið í þjónustu þeirra  
 ef þeir hefðu viljað hleypa honum inn.  
 Hann fór að glugganum  
 til að kanna málið.  
 Hann braut heilann um  
 hvernig hann ætti að komast inn,  
 með væli eða fyrir vináttu sakir;  
 en það er ekki til neins  
 því Renart er þannig gerður  
 að bónleiðin er einskis nýt.  
 Ísengrín kraup á viðarkubbi.  
 Hann hafði geispað svo mikið að honum var illt í  
 munninum.  
 Hann hljóp fram og aftur, leit inn, einu sinni, svo aftur,  
 en fann samt enga leið  
 til þess að komast inn fyrir þröskuldinn  
 þrátt fyrir gjafir og fögur fyrirheit.  
 Að lokum ákvað hann  
 að grátbiðja féлага sinn  
 að gefa sér, í Guðs nafni,  
 agnarögn, eða góðan skammt, af máltíðinni.  
 Hann kallaði inn um gat:  
 „Herra minn, góði vinur, opnaðu dyrnar fyrir mér!  
 Ég flyt þér góðar fréttir  
 sem þú munt fagna.“  
 Renart heyrði í honum og vissi vel hver var á ferðinni  
 en lét þetta sem vind um eyru þjóta

og þóttist ekki heyra neitt.  
 Ísengrín skildi hvorki upp né niður  
 þar sem hann stóð sársvangur  
 og dauðlangaði í álinn.  
 Því kallaði hann aftur: „Opnaðu kæri herra!“  
 Renart skellti upp úr  
 og spurði: „Hver er þar?“  
 „Þetta er ég,“ svaraði hinn.  
 „Þú hver?“ – „Þetta er félagi þinn.“  
 „Við héldum að þú værir þjófur.“  
 „Það er ég ekki,“ sagði Ísengrín, „opnaðu!“  
 „Sýndu þolinmæði,“ svaraði Renart,  
 „þar til munkarnir eru búnir að borða;  
 þeir eru sestir að borðum.“  
 „Hvað segir þú,“ sagði hinn, „eru munkar hjá þér?“  
 „Auðvitað ekki,“ sagði Renart, „þetta eru kanónar  
 úr Tironreglunni.  
 (Guð varðveiti mig ef ég segi ósatt!)  
 og ég er núna einn af þeim.“  
 „Nomini Dame,“<sup>1</sup> sagði úlfurinn,  
 „ertu að segja mér satt?“  
 „Já, í nafni kærleikans.“  
 „Ef svo er, veittu mér húsaskjól!“  
 „Þú færð engan mat.“  
 „Hvað segirðu, áttu engan mat?“  
 „Jú, víst er það,“ sagði Renart,  
 „en leyfðu mér að spyrja:  
 komstu hingað til þess að betla?“  
 „Alls ekki! Ég vildi bara vita hvernig þú hefðir það.“  
 „Það er ómögulegt,“ sagði Renart.  
 „Hvers vegna,“ spurði úlfurinn.  
 „Það stendur illa á,“ svaraði Renart.  
 „En segðu mér: borðið þið kjöt?“  
 „Þú ert að spauga,“ sagði Renart.  
 „Hvað borða þá munkarnir þínir?“  
 „Ég skal segja þér það vafningalaust:  
 þeir borða mjúka osta og  
 höfðuðstóra fiska.

<sup>1</sup> „Í nafni frúarinnar“ í stað *In nomine Domine*, „Í herrans nafni“.

Heilagur Benedikt mælir svo fyrir  
 að við eigum ekki leggja okkur neitt verra til munns.“  
 „Þetta grunaði mig ekki,“ sagði Ísengrín,  
 „ég hafði ekki minnstu hugmynd um þetta  
 en veittu mér húsaskjól!  
 Ég veit ekki hvert ég á leggja leið mína í dag.“  
 „Veita þér húsaskjól?“ sagði Renart. „Þvílík firra!  
 Hér getur enginn dvalið  
 nema hann sé munkur eða einsetumaður.  
 Farðu leiðar þinnar, hér er ekkert að fá.“  
 Ísengrín heyrði þetta og var dagljóst  
 að það var sama hvað hann reyndi,  
 hann kæmist ekki inn hjá Renart.  
 Hvað átti hann að gera! Hann gafst upp.  
 En samt spurði hann:  
 „Fiskurinn, er það góður matur?  
 Gefðu mér nú að minnsta kosti einn bita!  
 Bara til að ég fái að smakka.  
 Mikið eru álarnir heppnir  
 að hafa verið veiddir og roðflettir  
 ef þú ætlar að láta svo lítið að leggja þér þá til munns!“  
 Renart, sem var útsmoginn,  
 tók þrjá bita af áli  
 sem voru í eldinum.  
 Þeir voru passlega steiktir þannig að holdið  
 losnaði vel af beinunum.  
 Renart át einn bitann og fór með annan  
 til þess sem beið við dyrnar  
 og sagði: „Vinur, komdu hingað  
 aðeins nær og taktu við mat, sem þér er gefinn af kærleika  
 af þeim sem eru sannfærðir um  
 að þú munir einn dag verða munkur.“  
 Ísengrín svaraði: „Ég hef enga ákvörðun tekið  
 um framtíðina, en þetta má vel vera.  
 En, kæri herra, réttu mér  
 matinn tafarlaust!“  
 Hinn lét hann fá bitann og Ísengrín greip hann  
 og var fljótur að gleypa hann.  
 Hann hefði vel getað étið meira.  
 Renart spurði: „Hvernig finnst þér maturinn?“



Mathákurinn titraði og skalf,  
iðaði í skinninu af græðgi:  
„Vita skaltu, herra Renart,  
að Guð mun launa þér.  
Gefðu mér einn bita enn,  
kæri vinur, til að hvetja mig til þess  
að verða reglubróðir þinn.“  
„Ég sver við skóna þína,“ svaraði Renart,  
sem vildi sannarlega gera honum grikk,  
„að ef þú vilt gerast munkur  
þá vildi ég að þú væri andlegur leiðbeinandi minn,  
því að ég veit vel að herrarnir  
myndu gera þig að prior  
eða ábóta fyrir Hvítasunnu.“  
„Ertu að gera grín að mér?“ spurði Ísengrín.  
„Alls ekki, kæri herra,“ sagði Renart,  
„ég sver við höfuðið á mér, og ég get sagt þér,  
í nafni heilags Felix,  
að þú yrðir fegursti munkurinn í reglunni.“  
„Fengi ég nógu mikið af fiski  
til þess að jafna mig  
á þeirri pest sem nú herjar á mig?“  
Og Renart svaraði:  
„Já, eins mikið og þú vilt.  
Ha! En fyrst þarf að raka þig,  
klippa og snyrta skeggið.“  
Það urraði í Ísengrín  
þegar hann heyrði talað um rakstur:  
„Drögum þetta ekki, vinur,“ sagði hann,  
„og vertu snöggur að raka mig!“  
Renart svaraði: „Innan skamms  
verður þú kominn með stóra og mikla krúnu;  
við þurfum bara að hita vatnið.“  
Og nú munuð þið heyra góða sögu:  
Renart setti vatn yfir eldinn  
og lét suðuna koma upp.  
Síðan fór hann að dyrunum  
og lét úlfinn stinga höfðinu inn  
um lúgu í hurðinni.  
Ísengrín teygði fram hálsinn

og Renart, sem fannst úlfurinn vera óttalega vitlaus,  
 hellti sjóðandi vatninu  
 yfir kollinn á honum.  
 Þetta var lúalegt og illa gert!  
 Ísengrín hristi höfuðuð,  
 sýndi tennurnar og gretti sig herfilega.  
 Hann hörfaði  
 og æpti: „Renart, ég er dauður.  
 Megi ólánið elta þig í dag!  
 Krúnan er alltof stór!“  
 Renart rak tunguna út úr sér,  
 eins langt og hann gat.  
 „Herra, þú ert ekki sá eini,“ sagði hann,  
 „allir í klaustrinu eru með svona stóra krúnu.“  
 „Ég held að þú segir ósatt,“ svaraði Ísengrín.  
 „Alls ekki, herra, trúðu mér.  
 Þessa fyrstu nótt  
 þarft þú að gangast undir próf  
 sem er venjan hér í reglunni.“  
 Ísengrín sagði: „Með ánægju.  
 Ég skal gera allt sem reglan kveður á um,  
 það getur þú verið viss um.“  
 Og Renart lét hann heita því  
 að vinna sér ekki mein  
 og fylgja öllum ráðum sínum.  
 Og þetta gerði Renart svo vel  
 að úlfurinn varð alveg ringlaður.  
 Síðan fór Renart út um holu  
 sem hann hafði gert bak við dyrnar  
 og fór beint til Ísengrín  
 sem kveinaði vesældarlega  
 yfir því að hafa verið rakaður svona harkalega.  
 Á höfði hans var hvorki húð né hár.  
 Án frekari orðaskipta  
 lögðu þeir tafarlaust báðir af stað,  
 Renart fyrstur og hinn á eftir,  
 þar til þeir komu að tjörn.  
 Þetta var rétt fyrir jól,  
 á þeim tíma þegar svínalærin eru söltuð.  
 Himinninn var stjörnubjartur

og tjörnin þar sem Ísengrín átti að fiska  
 var svo frosin  
 að þar hefði mátt stíga dans.  
 Þar var bara ein vök  
 sem bændurnir höfðu gert  
 og þangað ráku þeir búpeninginn  
 á kvöldin, spjölluðu og drukku.  
 Þeir höfðu skilið eftir fötu.  
 Renart hljóp þangað, með kviðinn við jörð,  
 og sneri sér að vininum:  
 „Herra,“ sagði hann, „komdu hingað!  
 Hér er allt morandi í fiski  
 og hér er áhaldið sem við notum til að veiða  
 ála, vatnaskeggja  
 og aðra góða fiska.“  
 „Bróðir Renart,“ sagði Ísengrín,  
 „taktu áhaldið og bittu það fast við skottið á mér!“  
 Renart tók fötuna og hnýtti hana  
 eins vel og hann gat við skott úlfsins.  
 „Bróðir,“ sagði hann, „nú verður þú  
 að vera grafkyrr  
 til þess að fiskarnir komi.“  
 Svo lagðist hann hjá runna  
 með trýnið milli framlappanna  
 og fylgdist með úlfinum.  
 Nú var Ísengrín á ísnum,  
 og fatan í vatninu,  
 full af ísmolum.  
 Vatnið byrjaði að frjósa,  
 utan um fötuna  
 sem var bundin við skottið.  
 Fatan var yfirfull af ís.  
 Skottið var í ísköldu vatninu  
 og sat fast í ísnum.  
 Ísengrín ætlaði að standa upp  
 og toga fötuna til sín.  
 Hann reyndi aftur og aftur,  
 en vissi ekki hvað var til ráða og varð hræddur.  
 Hann kallaði á Renart,  
 því hann gat ekki falið sig lengur

og sólin var að koma upp.  
 Renart lyfti höfðinu,  
 opnaði augun og horfði í kringum sig:  
 „Bróðir,“ sagði hann, „láttu þetta gott heita!  
 Förum hédan, kæri vinur!  
 Það hefur borið vel í veiði.“  
 Ísengrín hrópaði til hans:  
 „Renart, það er alltof mikið af fiski.  
 Ég veit ekki hversu margir þeir eru.“  
 Renart fór að hlæja  
 og sagði við hann vafningalaust:  
 „Sá sem ágirnist allt, glatar öllu.“  
 Nóttin kveður, það birtir af degi.  
 Það er morgunn og sólin kemur upp.  
 Allir stígar eru hvítir af snjó.  
 Herra Constant af Granges,  
 velmegandi aðalsmaður,  
 sem bjó nálægt tjörninni,  
 var kominn á fætur með öllu sínu fólki,  
 og það lá ljómandi vel á þeim öllum.  
 Hann tók veiðihornið, kallaði á hundana  
 og lét leggja á hestinn.  
 Menn hans æptu og kölluðu.  
 Við þessi læti lagði Renart á flóttu  
 og flýtti sér heim í grenið.  
 En Ísengrín gat sig hvergi hreyft  
 og togaði og rembdist eins og hann gat.  
 Minnstu munaði að hann missti feldinn.  
 Ef hann ætlaði að komast í burtu  
 varð hann að fórna skottinu.  
 Meðan Ísengrín stritaði á ísnum  
 kom skósveinn brokkandi  
 með tvo veiðhunda í taumi.  
 Hann sá úlfinn og reið rösklega til hans;  
 Ísengrín var frosinn við ísinn,  
 og hnakkinn hárlaus.  
 Skósveinninn virti hann vel fyrir sér og æpti:  
 „Æ, æ! Úlfur! Hjálp! Hjálp!“  
 Veiðimennirnir flýttu sér út úr húsinu  
 þegar þeir heyrðu hann kalla

og komu með alla hundana úr girðingunni.  
 Nú var illa komið fyrir Ísengrín,  
 því herra Constant kom ríðandi á eftir hinum  
 á harðastökki  
 og æpti hástöfum: „Af baki!  
 Sleppið hundunum! Sleppið hundunum!“  
 Þeir sem gættu hundanna leystu þá  
 og þeir stukku á úlfinn.  
 Ísengrín yfði sig.  
 Veiðmaðurinn æsti hundana  
 með miklum ópum.  
 Ísengrín varðist hetjulega,  
 og beit frá sér: Hvað annað gat hann gert?  
 Hann hefði miklu frekar viljað frið.  
 Herra Constant, með sverðið á lofti,  
 reið að honum til að höggva hann.  
 Hann fór af baki  
 og gekk á ísnum að úlfinum.  
 Hann lagði til hans þar sem hann stóð fyrir aftan úlfinn  
 og ætlaði að slá en hæfði ekki.  
 Hann hitti ekki í mark  
 og herra Constant datt aftur á bak  
 og skar sig á hnakkanum.  
 Hann stóð upp með erfiðismunum  
 og réðst heiftarlega á úlfinn.  
 Nú getið þið heyrt um blóðugt stríð!  
 Hann ætlaði að slá hann í höfuðið  
 en höggið lenti annars staðar.  
 Sverðið rann niður að skottinu  
 og skar það af  
 við rassinn; hann hitti í mark  
 og þegar Ísengrín fann höggið  
 stökk hann til hliðar, hljóp af stað,  
 og beit til skiptis hundana  
 sem fylgdu honum fast eftir.  
 En skottið skildi hann eftir í staðinn  
 sér til angurs og armæðu;  
 minnstu munaði að sorgin gerði út af við hann.  
 Það eina sem hann gat gert var að flýja  
 upp á hæð þar sem hann faldi sig.

Hundarnir réðust á hann  
en hann varðist af kappi.  
Þegar þeir voru komnir upp á hæðina  
gáfust hundanir upp, lafmóðir.  
Ísengrín sofnaði ekki á verðinum,  
hann greip tækifærið og flúði  
á harðaspretti í átt að skóginum.  
Þegar þangað var komið sór hann  
að hann myndi hefna sín á Renart,  
og aldrei líta á hann sem vin sinn.

Þýð. Ásdís R. Magnúsdóttir